

BORGARSTJÓRN 17. desember 2019: Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um úrræði fyrir úrlausn deilumála milli leigjenda Félagsbústaða - R19120143

BORGARSTJÓRN 17. desember 2019: Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um úrræði fyrir úrlausn deilumála milli leigjenda Félagsbústaða - R19120143

Flokkur fólksins leggur til að velferðarsvið ásamt Félagsbústöðum móti úrræði fyrir úrlausn deilumála sem vakna á milli leigjenda Félagsbústaða og ráðist í aðgerðir til að aðstoða þá sem búa í félagslegu húsnaði eða óska eftir félagslegu húsnaði sem jafnframt glíma við fíknisjúkdóma. Fulltrúa Flokks fólksins finnst mikilvægt að velferðarsvið í samvinnu við Félagsbústaði sem hefur fengið ríka ábyrgð til að halda utan um leigjendahópinn, veiti stuðning og ráðgjöf og svari kalli hans um aðstoð eftir atvikum. Til dæmis er mikilvægt að leigjendur sem eru í erfiðum aðstæðum sem geta verið af ýmsum toga, hafi aðgang að ráðgjöf og jafnvel fagaðila ef vandinn tengist á einhvern hátt búsetu þeirra hjá Félagsbústöðum. Flokkur fólksins hefur sérstakar áhyggjur af þeim hópi leigjenda sem glímur við fíknivanda og velt er upp spurningum hvort borgin geti komið sterkar inn í að aðstoða þá sem vilja aðstoð t.d. með með ráðgjöf eða meðferð. Hugmynd um teymi sem sinnti þessum hópi sérstaklega hefur komið upp hjá fulltrúa Flokks fólksins. Sú hugmynd kallar á að borgin þróa úrræði fyrir fólk með fíknivanda. Eins og staðan er núna eru þessi úrræði, aðallega hjá SÁÁ og svo hjá félagasamtökum sem taka að sér endurhæfingu, sporavinnu, námskeið og annan stuðning. Margra mánaða biðlisti er í öll þessi úrræði.

Greinargerð:

Dæmi eru um að leigjendur með fíknisjúkdóma sem eru í virkri neyslu valdi vanda í nærumhverfi sínu og hafa neikvæð áhrif á lífsskilyrði annarra íbúa. Margir leigjendur sem búa við þessar aðstæður hafa komið að máli við borgarfulltrúa Flokks fólksins og óskað leiðsagnar. Það er krefjandi og oft mikið álag að búa við hlið einstaklings sem er í virkri neyslu og fær jafnvel ítrekaðar heimsóknir frá lögreglu. Aðrir íbúar þurfa jafnvel að grípa til þess að leita til lögreglu eða annarra yfirvalda til að fá aðstoð við að koma hömlum á hegðun viðkomandi. Hér þarf velferðarsvið og Félagsbústaðir sem fær þá aukna ábyrgð að koma sterkar inn með stuðning og eftirfylgni.

Slík eftirfylgni ætti að vera regla t.d. ef kalla þarf til lögreglu vegna ofbeldis eða afbrota. Í kjölfarið ætti að vera boðið upp á að funda með íbúum til þess að athuga hvort um viðvarandi vanda sé að ræða og þá hvert umfang hans er, svo eitthvað sé nefnt. Spurning er hvort ekki sé hægt að koma á einhverju verklagi í þessu sambandi. Hér geta Félagsbústaðir ekki skorast undan ábyrgð og á heldur ekki að gera það.

Sama gildir ef upp kemur ágreiningur milli leigjenda hvort heldur má rekja hann til lífsstíls eða annars en í þeim tilfellum mætti skoða að setja upp einhverskonar sáttamiðlun sem velferðarsvið og Félagsbústaðir halda utan um í sameiningu. Stundum gæti verið um að ræða leigjanda annars vegar og eiganda íbúðar hins vegar þar sem blanda er af hvorutveggja í stigagangi.

Flokkur fólksins hefur eins og áður segir sérstakar áhyggjur af þeim hópi leigjenda sem glímur við fíknivanda og áhrif þess vanda ekki aðeins á þá sjálfa heldur einnig fjölskyldu þeirra, nágranna og nærumhverfið allt. Borgin getur á grundvelli reglna um félagslegt

húsnæði hafnað umsóknum um félagslegt húsnæði og afturkallað úthlutanir til þeirra sem glíma við virkan vímuefnavanda. Nú er raunveruleikinn sá að neyðarástand ríkir í meðferðarmálum og borgin ekki með úrræði fyrir t.d. fólk sem bíður eftir að komast í meðferð, hvað þá fyrir fólk sem ekki vill þiggja aðstoð. Óskandi væri að borgin byði upp á einhverja aðstoð t.d. fyrir þá sem eru að bíða eftir að komast í meðferð, enda er hver dagur í lífi þess sem glímur við neysluvanda jafnvel lífsspursmál. Allir þurfa að hafa húsaskjól hvernig sem komið er fyrir þeim og það er á ábyrgð velferðarráðs og velferðarsviðs að veita.